



Leikin mynd um einelti og fyrirgefningu

Kennsluhugmyndir
Sigurður Ingi Ásgeirsson

Lionsklúbburinn Úlfar styrkti þessa útgáfu

KATLA GAMLA

Leikin mynd um einelti og fyrirgefningu eftir sögu Iðunnar Steinsdóttur

Efni myndarinnar

Katla gamla fer í taugarnar á krökkunum Ómari og Tinnu því hún er alltaf að skamma þau. Þau ákveða að gera at í henni. En þegar gamla konan dettur á leiðinni heim til sín sjá krakkarnir að sér og koma henni til hjálpar. Katla er þeim mjög þakklát og býður þeim heim til sín í kakó. Krakkarnir biðja hana afsökunar á stríðninni en þá segir hún þeim frá því að þegar hún var ung hafi hún sjálf strítt, hún hafi lagt bekkjarsystur sína í einelti. Seinna sá hún eftir því og ætlaði að biðja hana fyrirgefningar en þá var hún flutt úr hverfinu. Þegar krakkarnir heyra þetta fá þau þá snjöllu hugmynd að hjálpa Kötlu að hafa upp á Höllu svo að hún geti beðið hana fyrirgefningar.

Myndin Katla gamla er byggð á smásögu eftir Iðunni Steinsdóttur. Söguna er að finna í kennarahandbókinni sem fylgir með kennslubókinni Regnboginn (21.–22. kennslustund), sem er ætluð til kennslu í kristnum fræðum í 2. bekk.

Sagan gerist í samtímanum og er ætlað að varpa ljósi á frásögnina um Sakkeus tollheimtumann, sem Jesú hjálpaði þó að hann væri illa liðinn af fólkinu, og Bartímeus blinda, sem var öðruvísi en aðrir vegna fötlunar sinnar. Myndin fjallar um það hvernig iðrandi syndari hlýtur fyrirgefningu.

Annað meginþema myndarinnar er einelti. Fjallað er um það kvalræði sem þolendur eineltis verða fyrir en auk þess er bent á hvernig það eittrar líf þess sem leggur aðra í einelti. Með því er reynt að sýna gerendum fram á skelfilegar afleiðingar eineltis

og höfða til samvisku þeirra. Einnig eru þeir hvattir til að biðjast afsökunar á framferði sínu og iðrast gjörða sinna. Þeim er sýnt fram á að með því að beita aðra ofbeldi temur maður sér óæskilega hegðun sem á eftir að koma manni sjálfum í koll seinna.

Lengd myndar: 28 mínútur.

Notkun myndarinnar

Myndin *Katla gamla*, var gerð til notkunar í kristnum fræðum en getur líka komið að góðum notum í lífsleikni og samfélagsfræði.

KRISTIN FRÆÐI, SIÐFRÆÐI OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐI

Tenging við námskrá

Mörg af markmiðum greinarinnar kristin fræði, siðfræði og trúarbragðافرæði tengjast efni myndarinnar. Í þrepamarkmiðum 2. bekkjar segir:

Nemendur

- kynnist frásögum úr lífi Jesú, t.d. af Sakkeusi og Bartímeusi blinda.
- temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpssemi og vandamál tengd einelti og bakmælg.

Einnig er hægt að nota myndina í 4. eða 6. bekk eða endursýna hana á þessum námsárum, því þrepamarkmið þessara bekkja fjalla um málefni sem tekin eru fyrir í myndinni. Í þrepamarkmiðum 4. bekkjar segir m.a. að: „nemandi þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra“ og eitt af þrepa-

markmiðum 6. bekkjar kveður á um að nemandinn „fáið við siðferðileg efni tengd minnihlutahópum og fötluðum og samskiptum nemenda, svo sem einelti og hópþrýstingi.“

Notkun myndarinnar í kristnum fræðum

Gott er að byrja á að sýna fyrri hluta myndarinnar (10 mín.). Best er að stöðva sýninguna áður en strákurinn segir: „Það var asnalegt af okkur að stríða þér um daginn ...“ Með því að ýta tvisvar á kaflatakkann á fjarstýringunni er farið á byrjun þessa kafla (disknum er skipt í kafla á fimm mínútna fresti).

Að því loknu gætir þú varpað fram þessari spurningu: Hvernig hefði þessi saga getað endað? Til að koma nemendum á sporið má spyrja: Hvað geta börnin gert til að hjálpa Kötlu gömlu? Skráðu tillögurnar á töfluna og ræddu við þá hvaða endir gæti gengið upp og hvaða endir væri æskilegur.

Eða: Þú getur fengið nemendum það verkefni að skrifa sína tillögu að því hvernig sagan hefði getað endað. Þeir geta byrjað á verkefninu í tímanum og lokið við það heima. Í næstu kennslustund væri tilvalið að biðja nokkra nemendur að lesa sínar útgáfur upphátt fyrir bekkinn.

Veldu nokkra nemendur til að lesa sínar tillögur að því hvernig sagan hefði getað endað. Hrósaðu börnunum fyrir skrifin.

Sýndu nemendum seinni hluta myndarinnar (2. kaflinn á disknum, 18 mín.), sem dæmi um hvernig sagan hefði getað endað (ekki endilega rétti endirinn). Að því loknu mætti spyrja þá:

- Hvers vegna leið Kötlu illa? (Hún iðraðist þess sem hún hafði gert.)
- Af hverju haldið þið að Katla hafi verið treg til að hitta Höllu? (Hún var ekki viss um hvort Halla mundi vilja fyrirgefa henni.)
- Ef þið hefðuð verið í sömu sporum og Halla, hefðuð þið þá fyrirgefið Kötlu? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

Lestu kaflann Matteusarguðspjall 18:22–35 fyrir nemendur og ræddu við þá um innihald hans. Hér er Jesús að kenna lærisveinum sínum að þeir eigi að fyrirgefa öðrum eins og himneskur faðir þeirra fyrirgefur mannkyni. Hann segir þeim dæmisögu um þjón sem skuldaði konungi sínum háa upphæð. Hann bað konunginn um að gefa sér eftir skuldina því hann gæti ekki greitt hana. Konungurinn gerði það, en þegar hann frétti að þjónninn hefði neitað að gefa samþjóni sínum eftir smáskuld þá reiddist konungurinn og lét varpa honum í fangelsi. Þaðan átti hann ekki að losna fyrr en hann hefði greitt alla skuldina. Jesús lýkur síðan dæmisögunni með þessum orðum: *Þannig mun og faðir minn himneskur gjöra við yður, nema hver og einn yðar fyrirgefði af hjarta bróður sínum, sem þýðir: Guð mun ekki fyrirgefa okkur það sem við gerum rangt nema að við fyrirgefum af einlægni þeim sem hafa komið illa fram við okkur.*

Út frá þessu má ræða við nemendur um mikilvægi þess að fyrirgefa öðrum það sem þeir gera á hluta manns.

Vel kann vera að þú viljir einnig fjalla um skuggahlíðar eða afleiðingar eineltis í tengslum við myndina. Það sem sagt er um það hér á eftir í kaflanum um lífsleikni á einnig við í kristnum fræðum, enda er það eitt af viðfangsefnum greinarinnar að fjalla um „vandamál tengd einelti og bakmælgí.“

LÍFSLEIKNI

Myndin hentar einnig prýðilega til kennslu í lífsleikni. Hana mætti nota eina og sér eða í tengslum við Lions-Quest náms-efnið. *Að vaxa úr grasi, Samveru, Ég er bara ég og Spor.* Myndin höfðar þó líklega ekki til eldri krakka en 11 ára.

Tengsl við námskrá

Lagt er til að myndin um Kötlu gömlu verði sýnd í 4. bekk því þrepa-markmið þess árs falla vel að efni myndarinnar en þar segir m.a.:

Nemandi á að

- hafa lært leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér
 - færni í samvinnu
 - að sýna tillitssemi
 - að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
 - að setja sig í spor annarra
 - að hlusta á aðra og sýna kurteisi
 - gera sér grein fyrir að ekki eru allir eins og tileinka sér þannig virðingu fyrir sérstöðu annarra hvað varðar útlit, klæðaburð og smekk.

Einnig er hægt að sýna myndina í 5. og 6. bekk.

Notkun myndarinnar í lífsleikni

Í handbókinni sem fylgir kennslubókinni *Regnboganum* er aðeins fyrri hluti sögunnar sem myndin byggist á. Ætlast er til að nemendur komi með tillögur að því hvernig sagan hefði getað endað.

Sýndu nemendum fyrri hluta myndarinnar (10 mín.). Best er að stöðva sýninguna áður en strákurinn segir: „Það var asnalegt af okkur að stríða þér um daginn.“ Þú getur skoðað þetta með því að ýta tvisvar á kaflatakkann á fjarstýringunni. Þá ferðu á byrjun þessa kafla (disknum er skipt í kafla á fimm mínútna fresti).

Hugmyndir að umræðuspurningum eftir sýningu fyrri hluta myndarinnar.

- Hvernig var Katla í viðmóti við upphaf myndarinnar? (Skapstirð.)
- Hvers vegna haldið þið að hún hafi verið svona skapstirð? (Hún var einmana, var von því að vera hranaleg í viðmóti við annað fólk, hafði vanist því að fá sínu framgengt með frekju.)

- Hvers vegna haldið þið að krakkarnir hafi strítt Kötlu? (Þeim fannst hún leiðinleg við þau.)
- Af hverju haldið þið að Katla hafi hent boltanum út á tún? (Annaðhvort sá hún eftir því að hafa verið svona hranaleg við krakkana eða þá að hún var hrædd um að krakkarnir mundu tala við húsvörðinn.)
- Hvers vegna haldið þið að Katla hafi boðið krökkunum heim til sín? (Þau komu henni til aðstoðar þegar hún datt. Hún var þeim þakklát.)
- Býr gamalt fólk í nágrenni við ykkur?
- Hvernig semur ykkur við það?
- Hafið þið hjálpað gömlu fólki? Hvernig?
- Hvernig leið ykkur?
- Stelpurnar stríddu Höllu litlu á því að hún væri fátægleg til fara. Hvað finnst ykkur um það?
- Hvernig lögðu þær Höllu litlu í einelti? (Skildu hana útundan, gerðu grín að henni, hermdu eftir henni og uppnefndu hana.)
- Hver kom Höllu til hjálpar? (Ein af stelpunum.)
- Hvað finnst ykkur um það? (Stelpan var hugrökk og réttlát.)
- Hvað munduð þið gera ef þið sæjuð krakka leggja einhvern í einelti?
- Hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir einelti?

Veldu nokkra nemendur til að lesa sínar tillögur að því hvernig sagan hefði getað endað. Hrósaðu börnunum fyrir skrifin.

Sýndu börnunum seinni hluta myndarinnar (2. kaflinn á disk-inum, 18 mín.), sem dæmi um hvernig sagan hefði getað endað (ekki endilega rétti endirinn).

Að því loknu spyrðu þau:

- Hvers vegna lagði Katla bekkjarsystur sína í einelti? (Hún öfundaði Höllu af því hvað henni gekk vel í lestri. Vildi koma í veg fyrir að henni yrði sjálfri strítt.)
- Hvað var Katla að fela með því að vera frek og hörð? (Að henni leið illa þegar krakkarnir sögðu að hún væri heimsk.)
- Af hverju sögðu krakkarnir að Katla væri heimsk? (Af því að hún var lesblind.)
- Hvað finnst ykkur um það að segja að lesblind manneskja sé heimsk?

Þankahríð

Skrifaðu orðið **einelti** á töfluna og spurðu nemendur hvaða orð eða hugtök komi upp í hugann og síðan orð sem tengjast þeim. Á þennan hátt getur orðið til margslungið hugarkort.

Á vef Regnbogabarna (www.regnbogaborn.is) er auðskilin upptalning á því hvað einelti er, sem væri gott að sýna nemendum.

Hópverkefni

- Skiptu bekknum í þrjá hópa og fáðu hvern hóp til að ræða eftirfarandi: Hvernig getum við komið í veg fyrir einelti:

1) í bekknum 2) í skólanum 3) utan skólans

Ritarar hópanna segja frá niðurstöðunum úr hópavinnunni.

- Nemendur leita upplýsinga um einelti í bókum og á heimasíðum. Kennslan fer fram í tölvuveri skólans í samstarfi við kennara í upplýsingatækni og á skólasafni, í samstarfi við skólasafnskennarann. Skiptu nemendum í hópa. Einn til tveir hópar fara á skólasafnið til að leita upplýsinga í bókum um efnið. Hinir hóparnir vinna í tölvuverinu. Í lokin gera nemendur grein fyrir niðurstöðum sínum úr hópavinnunni.

Hver hópur velur sér nokkrar af eftirfarandi heimasíðum sem eiga það sammerkt að á þeim öllum er fjallað um einelti. Í sumum tilfellum sjá börnin strax upplýsingarnar um leið og þau koma inn á heimasíðuna en í öðrum tilfellum þurfa þau að nota leitarvél á viðkomandi heimasíðu. Þau slá inn orðið „einelti“ til að leita að upplýsingum um málefnið innan heimasíðunnar. Hver nemandi í hópnum fær það verkefni að skrifa 100–300 orða frásögn um athyglisverðar staðreyndir sem hann fann á einni af þeim síðum sem hann skoðaði:

www.heimiliogskoli.is,

<http://www.olweus.is>,

www.regnbogaborn.is,

<http://redcross.is>,

http://www.besafeonline.org/icelandic/einelti_a_netinu.htm,

www.doktor.is,

<http://groups.msn.com/Einelti>

Verkefni

- Leggðu vinnublaðið sem er á öftustu síðu fyrir nemendur (gott er að stækka blaðið í A4). Þegar þeir hafa lokið við vinnublaðið er tilvalið að fara yfir svörin og ræða málið í bekknum. Dæmi um umræðuspurningar:
 - Hvað getum við gert til að öllum líði vel í bekknum okkar?
 - Hvað getum við gert til að koma í veg fyrir einelti? (Fylgjast vel með og segja frá því ef við verðum vör við einelti.)
 - Hvað á að gera ef maður sér einhvern lagðan í einelti? (Segja frá því.)
 - Hvað á maður að gera ef maður verður sjálfur fyrir einelti, t.d. í skólanum? (Segja frá, ekki þegja yfir því.)
 - Hvers vegna er mikilvægt að enginn sé lagður í einelti?

- Nemendur semja leikþátt um viðbrögð við einelti eða um vináttu. Þeir geta annaðhvort sýnt leikritið í næstu kennslustund eða tekið það upp á myndband. Mikilvægt er að nemendur leiki ekki geranda í eineltismáli því slíkt neikvætt hlutverk gengur gegn markmiðum efnisins.
- Nemendur gætu einnig búið til veggspjald gegn einelti, glærusýningu (Power Point), eða jafnvel vefsíðu um einelti, ef þeir hafa næga kunnáttu til þess.

Heimsókn

Sýndu börnunum vef Regnbogabarna (www.regnbogaborn.is) og bentu þeim á að þangað er hægt að leita ef maður verður fyrir einelti. Hafðu samband við Regnbogabörn og athugaðu hvort fulltrúi frá þeim getur komið til að ræða við börnin um einelti og segja frá samtökunum. Segðu börnunum að undirbúa spurningar fyrir gestinn. Eða þú getur fengið námsráðgjafa í lið með þér til að ræða um einelti. Einnig skal bent á bókina *Saman í sátt – leiðir til að fást við einelti og samskiptavanda í skólum* (útg. Námsgagnastofnun, 2001).

SAMFÉLAGSFRÆÐI

Myndina mætti líka nota í 3. bekk í samfélagsfræði en samkvæmt aðalnámskrá á m.a. að fjalla um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á því námsári.

EINELTI

Það er kallað einelti þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri. Um getur verið að ræða beint einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum eða hótunum. Það er líka einelti ef stríðni er endurtekin og sá sem verður fyrir stríðninni hefur sýnt og sagt að sér líki það ekki.

Óbeint einelti getur verið jafn slæmt. Með óbeinu einelti er átt við að maður sé útilokaður frá félagahópnum, verði fyrir illu umtali eða að aðrir komi í veg fyrir að maður eignist vini. Vanalega er ekki litið á góðlátlega stríðni vina eða félaga sem einelti. Það er heldur ekki einelti þegar tveir álíka sterkir takast á eða þrátta.

(Skilgreining byggð á Dan Olweus.)

Krossaðu í réttan reit

Aðstæður	Þetta er einelti	Þetta er ekki einelti
Krakkarnir leyfa Kötú aldrei að leika með sér í frímínútum.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Böðvar og Jón grettu sig illilega framan í Gunnar og sögðu að hann væri asni.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Strákarnir stríða Bjarna oft með því að rífa af honum húfuna eða fela morgunnestið hans.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Nonni sagði brandara um Sigga og hann roðnaði rosalega.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stelpurnar eru alltaf að segja hvað Dagný sé asnaleg.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Strákarnir lemja Guðjón oft á leiðinni úr íþróttum.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Kristín sparkaði í Sigrúnu af því að hún tók hjólið hennar.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Kiddi er oft að sparka í Nonna og segja eitthvað ljótt við hann.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Herdís sagði Eddu að sér þætti Þorgerður leiðinleg.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sandra og Elín slógust eins og hundur og köttur í anddyrinu í skólanum út af einhverju dóti.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Hvað getum við gert til að koma í veg fyrir einelti?
